

### ***Orðaspjall - „Ég kann orð sem þið kunið ekki”***

Á skipulagsdegi í febrúar fengum við góðan gest í heimsókn, Hrafnhildi Ragnarsdóttur prófessor við Háskóla Íslands og forstöðumann í Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi við sömu stofnun. Hrafnhildur hélt erindi um hvað leikskólakennarar þurfa að vita um málþroska til að standa faglega að málörvun. Hún segir að málþroski sé undirstaða bæði náms og þroska á öllum lykilsviðum fyrir velgengni í skóla og samfélagi. Skýrt kom fram í máli Hrafnhildar að *orðaforði, hlustunarskilningur og frásagnarhæfni* eru þýðingarmestu málþroskaþættirnir fyrir farsæla þróun læsis og náms í grunnskóla og að mikilvægasta undirstaðan fyrir þessa þroskaþætti er lögð á leikskólaárunum. En það er einmitt markmið okkar með þróunarverkefninu *Bók í hönd* að efla mál- og læsiþroska barnanna með bóklestri og leggjum við sérstaka áherslu á að efla orðaforða, hlustunarskilning og frásagnarhæfni barnanna.

Verkefnið hefur gengið mjög vel fram að þessu. Gaman er að segja frá því að nú þegar höfum við orðið varar við að áhugi barnanna á orðum hefur aukist og þau eru farin að spyrja meira um merkingu þeirra. Til dæmis kom drengur á Sunnuvöllum glaðhlakklegur í leikskólann einn morguninn og sagðist hafa lært nýtt orð heima í gær sem enginn í leikskólanum kynni. Þetta var orðið *strandaglöpur* en kvöldið áður hafði móðir hans lesið fyrir hann sögu þar sem orðið kom fyrir í. Drengurinn útskýrði merkingu orðsins fyrir hinum börnum og í framhaldi af því spunnust fjörugar umræður sem leiddu til þess að farið var að ræða nýlega sjónvarpsfrétt um kindur sem voru í *sjálfheldu* og þurfti að bjarga með ærinni fyrirhöfn. Atvik sem þetta kætir okkur mjög hér í Tjarnarseli og sannfærir okkur um að við erum á réttri leið.

Til að gera verkefnið sýnilegra foreldrum munum við framvegis hengja upp eitt orð á viku í fataklefana. Þetta verða orð sem komið hafa fyrir í barnabókum og lögð hafa verið inn í sögustundum. Til að festa orðin betur í minni barnanna er mikilvægt að nota þau í daglegum samræðum. Við hvetjum því foreldra til að fylgjast með orðunum og ræða þau og einnig hvetjum við foreldra að sjálfsgöðu til að lesa fyrir börnin sín á hverjum degi en fram kom í máli Hrafnhildar að það er innistæða á verðtryggðum gullvöxtum fyrir framtíðina ef barn fær gott máluppeldi á leikskólaárunum.